

Helgi Pjeturs:

Íslenskt mál og menning.

I.

Þendingar voru einusinni Norðurlandabjóðin sem mest var að málsnild. En nú svo komið, að enginn sem þkuð hugsar um framtíð íslenskrar menningar getur varist byggjum af því hversu illa er álað. Hroðmælgí er komin í stað málsnildar. Meiri hluti þeirra sem erindi flytja í útvarpinu, gera það þannig, að hönnung er að heyra, og ekki all-litð af því sem þeir segja, er jafnvel með öllu óskiljanlegt. Útvarpserindi þau sem eg hefi hlýtt á, hafa eftir því sem eg hefi getað næst komist, flest eða öll verið þannig að efni til, að mér hefir þótt leitt, að geta ekki skilið þau nema að nokkuru leyti. Jafnvel sumir hinir ungu og efnilegu visindamenn sem hafa látið til sín heyra, hafa ekki nægilega gætt þess, hver nauðsyn er á að tala skiljanlega. Hier er vissulega voði á ferðum fyrir íslenska menningu og í þessu efni gæti útvarpið orðið að nokkru liði. Það þarf að taka á loftur ræður manna, bæði þær sem vel eru fluttar — og sem fer, eru hér, ennþá til þess sem tala vel og jafnvel skiljanlega — og eins þarf að fá á loftur þeirra, sem ekki kunna

October 18, 1937

að tala, svo að hægt sé að benda á gallana. Enginn sem erindi flytur, má vera ófróður um, hvað það er sem hann umfram alt verður að varast, ef hann vill ekki að ræða hans verði eintal við sjálfan sig, þó að þúsundir sitji ef t. v. við tækin, fúsir til að hlýða á mál hans. Eitt af því sem varast þarf, er að fara eins gálauslega og gert er með útlend orð og nöfn, sem einmitt þyrfti að segja mjög skýrt, og jafnvel tvitaka, ef hlustendur eiga að geta áttað sig á þeim.

II.

Nokkur ráð sem að gagni gætu komið eru þessi: Talið frjálsmannlega. Segið aldrei neitt eins og þið haldið sjálf, að það sé varla þess vert að minnast á það. Varist að tala ofan í ykkur; mætti í því sambandi minna á, að mælska er á latínu eloquentia, sem nálega mætti segja að þýði: sú list að tala, ekki ofan í sig. Gætið þess að halda ekki að þið hafið horið

fram orð eða orðahluta, sem þið aðeins hafið tæpt á, með einhverju umli eða sliku. En þetta er því miður mjög algengt. Og að endingu, talið ekki of hratt. Enginn getur haft full not af erindi, sem of hratt er flutt, jafnvel þó að framburður sé annars góður.

III.

Það væri vanþakklæti, að geta þess ekki, að fyrir þann sem hreldur er af hroðmælginni, var það mikil hressing að hlusta á útvarpsumræður barnakennaranna. Allir kennararnir voru vel talandi, og ætti að nefna einhvern einn, þá vil eg taka til Guðjón Guðjónsson skólustjóra. Mál hans var fyrirmynd, og er gott til þess að vita, að slíkt er fyrir börnunum haft. Og einsog oftast, kom mér í hug er eg hlýddi á hinar fróðlegu umræður þessara manna, hversu áriðandi það er, að framúrskarandi mönnum í þeirri stétt sé sú eftirtækt veitt og sá

stuðningur, sem ómissandi er til þess að áhugi þeirra og hæfileikar geti orðið að fullum notum.

Eftir að grein þessi var saminn, heyrði eg í útvarpinu í kvöld (10. 3.) sagt frá héraðlútandi kenslufyrirtæki hins mikilvirka unga fræðimanns Sigurðar Skúlasonar. Vil eg láta í ljósi þá ósk, að honum megi verða sem mest ágengt með kenslu þessa, og býst eg við, að til þess að fullkomlega viðunandi árangri verði náð, þurfi talsverða athugun á því hverjir eru hinir sérstaklega íslensku mál- og ræðugallar sem laga þarf.

Athugasemd.

Í greininni „Huggun, ást og líffræði“ (10. 3.) hafa í hinni löngu setningu, neðst í 3. dálki, sem hefst á orðunum: „Nokkur þekking á því sem jarðfræðin hefir leitt í ljós“, 3 línur aflagast dálitið í prentsmiðjunni, en eg hygg að það nægi að benda á þetta, til þess að lesendur geti lagfært það. En mjög algengt er, þó að eitthvað hafi úr lagi færst, að lesendur, taka ekki eftir því að um misprentun er að ræða.

Helgi Pjeturss.